



RANGÁRÞING EYSTRÁ

Reglur um skólavist í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags.

1. gr.

Almennt

Í Rangárþingi eystra er einn grunnskóli, staðsettur á Hvolsvelli. Hann þjónar börnum í austanverðri Rangárvallasýslu og nær frá Jökulsá á Sólheimasandi í austri að Eystri-Rangá í vestri. Nemendur með lögheimili í Rangárþingi eystra skulu að jafnaði stunda nám við grunnskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili, hér eftir nefnt lögheimilissveitarfélag. Ef foreldri barns óskar eftir tímabundinni skólavist fyrir barnið í öðru sveitarfélagi, hér eftir nefnt viðtökusveitarfélag, skal send inn umsókn þess efnis og tilgreindar ástæður umsóknarinnar

2. gr.

Skilyrði

Skólavist utan Rangárþings eystra er einungis veitt ef forráðamenn óska eftir tímabundinni dvöl fyrir nemenda í grunnskóla í fyrra lögheimilissveitarfélagi. Að jafnaði er hér miðað við að nemendur eigi einungis eftir að ljúka 10. bekk, að barn, tímabundið vegna náms eða þingmennsku foreldra fjarri lögheimili, þurfi á skólagöngu í öðru sveitarfélagi að halda eða að barni sé ráðstafað tímabundið á fósturheimili samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar.

Grundvallist umsókn ekki á neinu framangreindra atriða, skal hún engu að síður metin á málefnalegan hátt, í sveitarstjórn Rangárþings eystra, með hagsmuni viðkomandi barns að leiðarljósi. Haft verði í huga að um undantekningu er ræða verði umsóknin samþykkt.

Umsókn skal ávallt berast áður en skólavist hefst.

Samþykki Rangárþing eystra skólavist barns sem er með lögheimili í öðru sveitarfélagi er það ávallt bundið þeim skilyrðum að:

- a) Umsókn ásamt samþykki lögheimilissveitarfélags liggi fyrir áður en skólavist hefst.
- b) Aðstæður í skóla leyfi tímabundna fjölgun barna.



RANGÁRÞING EYSTRÁ

3. gr.

Umsókn um kostnaðarþáttöku

Umsókn um kostnaðarþáttöku Rangárþings eystra vegna skólagöngu barns í öðru sveitarfélagi skal vera undirrituð af forsjáraðilum barns.

Eftirtalin gögn skulu fylgja umsókn:

- a) Umsóknareyðublað sem finna má á hvolsvollur.is
- b) Greinargerð um ástæður þess að óskað er eftir því að barn stundi nám utan lögheimilissveitarfélags.
- c) Yfirlýsing frá viðtökusveitarfélagi þar sem skólaganga viðkomandi barns er samþykkt.

Sveitarstjóra er heimilt að óska eftir frekari gögnum í þeim tilgangi að upplýsa um aðstæður barns og /eða forsjáraðila.

4. gr.

Greiðsla

Þegar heimild er veitt til náms í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags, skal samhliða samið um greiðslur en Samband Íslenskra sveitarfélaga ákveður sérstakt viðmiðunargjald. Viðmiðunargjaldið er uppfært árlega. Greiðsla skal vera skv. umræddri viðmiðunargjaldskrá. Sveitarfélög semja sín á milli um fyrirkomulag greiðslna og uppgjör.

5. gr.

Annar kostnaður

Í viðmiðunargjaldi er innifalinn allur skólakostnaður annar en húsnæðiskostnaður, skólaakstur og sá viðbótarkostnaður sem sannanlega fellur til vegna nemandans sérstaklega. Þarfnist nemandi sérstakrar aðstoðar eða aukins stuðnings (t.d. vegna sérfræðiþjónustu, sérstakrar íslenskukennslu innflytjenda o.fl. sem sannanlega telst umfram almennan skólakostnað) skal samið sérstaklega um viðbótargreiðslur um leið og gengið er frá samkomulagi um skólagöngu nemanda milli lögheimilissveitarfélags og viðtökusveitarfélags. Með sama hætti skal semja um aðra liði sem eru sannanlega umfram viðmiðunargjaldið og framlag jöfnunarsjóðs vegna skólaaksturs, ef um það er að ræða. Að öllu jöfnu skal samkomulag um viðbótargjald tekið til endurskoðunar fari annað hvort sveitarfélagið fram á það.



RANGÁRÞING EYSTRÁ

6. gr.

Ágreiningur um kostnaðarþáttöku

Verði ágreiningur um hvort endurskoðun gefi tilefni til breytinga á greiðslum er unnt að vísa ágreiningsefninu til umsagnar sérstakrar nefndar. Í nefndinni eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af hvoru sveitarfélagi og einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings eystra 20. desember 2021
Lilja Einarsdóttir
Sveitarstjóri